

# Starfslýsing og hæfnikröfur í skósmíði

Skósmiður vinnur sjálfstætt að skósmíði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru og annast viðgerðir og viðhald skófatnaðar. Hann starfar oftast á verkstæði tengdu verslun og sinnir þá jafnframt ráðgjöf og viðhaldi á leðurvöru. Skósmíði er löggilt iðngrein og rétt til starfa hafa þau sem hafa leyst til sín sveinsbréf í greininni sem iðnaðarráðherra gefur út.

## Skósmiður

- Vinnur sjálfstætt að almennum og sérhæfðum verkefnum við smíðar og viðgerðir á skófatnaði.
- Vinnur með handverkfæri og vélar sem notuð eru í iðngreininni, annast umhirðu þeirra og hreinsun.
- Pinnar inn yfirleður á leista og gengur frá fullbúnu skópari.
- Gerir við skó, endurnýjar slitna fleti og annast frágang á skófatnaði.
- Þjónustar viðskiptavini og leiðbeinir við val á skóm í samræmi við óskir og tilefni.
- Reiknar út verð á vöru og þjónustu.
- Hefur samskipti við viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila.
- Vinnur við og skipuleggur öryggisvarnir í umgengni og notkun áhalda, véla og efna, kann aðferðir við meðferð og losun ósvistvænna efna.
- Skipuleggur verkferla með tilliti til viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði.
- Leiðbeinir um fagleg málefni.
- Tekur þátt í að leiðbeina og kenna nemum fagleg málefni greinarinnar.
- Starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar.

## Hæfnikröfur í skósmíði

- Þekkir almenn ákvæði um réttindi og skyldur fagmanna.
- Hefur tileinkað sér orðaforða greinarinnar bæði á íslensku og erlendum málum.
- Getur tjáð sig um fagleg málefni greinarinnar á íslensku og erlendum málum og leiðbeint um fagleg málefni á ábyrgan hátt.
- Getur tekist á við nám sem felur í sér viðbótarnám og/eða aukna sérþekkingu tengt skósmíði.

## Viðhorf og siðfræði

- Hefur skilning á mikilvægi góðrar þjónustu og gæðum í þjónustu.
- Þekkir siðareglur greinarinnar s.s. um virðingu fyrir faggreininni, handbragði, virðing fyrir efnum, og nýtingu þess, o.s.frv.
- Getur metið störf sín og annarra í skósmíði á gagnrýnninn hátt og metið með hliðsjón af fagfræði greinarinnar.

## Öryggismál, lög og reglugerðir sem tengjast öryggismálum

- Þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu, notkun á viðeigandi hlífðarfatnaði o.s.frv.
- Leitast við að koma í veg fyrir losun spilliefna.

## Aðferðafræði í skósmíði

- Getur beitt helstu handverkfærum við vinnu sína.
- Hefur góð tök á áhöldum og tækjum sem notuð eru í iðngreininni, notkun, meðferð og viðhaldi.
- Getur gert við skó, endurnýjað slitna fleti og annast frágang á skófatnaði s.s. setja upp hæl á karlmannskóm, saumað lausa rönd, sett bót við sóla, sett bót við hæl, sett ilfjöður í skó með botnstykki, sólað kvennskó, sett hælplötur á kvennskó, fest hæl, saumað rennilás á skó, skipt um fóðursóla o.s.frv.
- Þjónustað viðskiptavini af lipurð, háttvísi og kunnáttu
- Hafa samskipti við viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila

## Fagfræði

- Hefur umfangsmikla þekkingu á efnum og tækjum sem tengist skósmíði.
- Vinnur með efni, hjálparefni o.fl. sem notuð eru við smíðar og viðgerðir á skóm og þekkir meðferð þeirra og losun.
- Hefur þekkingu á vinnsluaðferðum í skósmíði s.s að lita kvennskó, setja upp hæl á karlmannskóm, randsaumað, saumað lausa rönd, sett bót við sóla, sett bót við hæl, sett ilfjöður í skó með botnstykki, sólað kvennskó, sett hælplötur á kvennskó, fest hæl, saumað rennilás á skó, skipt um fóðursóla o.s.frv.
- Hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna í skósmíði.
- Getur unnið í samræmi við teikningar, getur beitt viðeigandi vinnsluaðferð hverju sinni.
- Getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.
- Getur af öryggi notað öll helstu efni sem notuð eru í skósmíði og þekkja áhrif þeirra á umhverfið.
- Geta hagnýtt tölvutækni við upplýsinga- og hráefnisöflun í greininni.
- Vinnur við öryggisvarnir í umgengni og notkun áhalda, véla og efna, kann aðferðir við meðferð og losun ósvistvænna efna.
- Skipuleggur verkferla með tilliti til viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði.
- Er meðvitaður um neytendamál, aðstöðu og aðkomu fyrir viðskiptavini o.s.frv.